

Fundargerð 944. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 23. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 943. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 943. fundar stjórnar sambandsins frá 9. febrúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2023 - 2401007SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 4. tölulið fundargerðar 942. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2024, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með stafrænni undirritun sinni.

3. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2401006SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 5. tölulið fundargerðar 942. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2024, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með stafrænni undirritun sinni.

4. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga og formaður gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2024 og tillögur ríkisins varðandi aðkomu sveitarfélaga.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að koma áherslum stjórnar vegna mögulegra aðgerða sveitarfélaga til að stuðla að því að langtíma kjarasamningur náist, á framfæri við ríkisstjórnina.

5. Áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024 - 2210013SA

Lagt fram minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 13. febrúar 2024, um áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að forgangsöröðun verkefna í úrgangsmálum sem lögð er fram í minnisblaði verkefnastjórnar fyrir árið 2024. Verkefnin falla að stefnumörkun sambandsins 2022-2026 í úrgangsmálum og eru til þess fallin að efla úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

6. Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2402027SA

Rætt um hugmynd að stofnun fagteymis skv. aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038. Hlutverk fagteymisins verður að taka við beiðnum um aðstoð frá kjörnum fulltrúum vegna eineltis, ofbeldis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni, meta þær og koma í viðeigandi farveg og eftir atvikum fylgja eftir tilkynningum til teymisins og tryggja að þær fái viðhlítandi málsmeðferð. Teyminu verður jafnframt ætlað að miðla upplýsingum og vinna að forvörnum á ofangreindu sviði. Er hugmyndin í samræmi við stefnumörkun sambandsins en þar segir að sambandið eigi að styðja við að umbótatillögur um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa komist til framkvæmda í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Eftirfarandi bókun samþykkt með 9 atkvæðum. Rósa Guðbjartsdóttir og Einar Brandsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Stjórn sambandsins fagnar þessari tillögu í aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og samþykkir að taka þátt í þessari vinnu og felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

7. Fæðuklasinn - 2402029SA

Lögð fram drög að samningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Íslenska fæðuklasans ehf en markmið hans er m.a. að draga út vistspori fæðuframleiðslu með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi, stuðla að byggðafestu, efla mótun frumkvöðla- og nýsköpunar þekkingar á meðal ungmenna.

8. Notkun sveitarfélaga á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi - úttekt Persónuverndar - 2203008SA

Lagt fram bréf Persónuverndar, dags. 11. janúar 2024, um ákvörðun um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.

9. Málefni Grindavíkurbæjar - 2311012SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal drög að samkomulagi milli innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII kafla laga nr. 138/2011. Að auki lagt fram álit Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna samkomulagsdraganna, dags. 22. febrúar 2024. Einnig lagt fram í trúnaði bréf Fannars Jónssonar bæjarstjóra Grindavíkurbæjar, dags. 22. febrúar 2024, um samkomulagið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að koma sjónarmiði stjórnar á framfæri m.v. umræður á fundinum.

10. Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun - 2402022SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2024, um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál.

11. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/010 - tímabundnar uppbyggingarheimildir - 2402014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2024, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (tímabundnar uppbyggingarheimildir, 628. mál.

12. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2402025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2024, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), mál nr. S-28/2024.

Fundi var slitið kl. 15:40.